Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um stækkun verzlunarstaðarins á Seyðisfjarðaröldu. — Með þóknanlegu brjefi, 24. ágúst þ. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp til laga um stækkun verzlunarstaðarins á Seyðisfirði, er alþingi í sumar er leið samþykkti. **120** 19. okt.

En ráðgjafinn hlaut að vera yður samdóma um, að hin umrædda ráðstöfun, sem enginn efi er á, að í sjálfu sjer er hagkvæm, heyri ekki, eptir eðli sínu og reglum þeim, er hingaðtil hefur verið farið eptir, undir löggjafarvaldið, heldur liggi hún undir úrskurð umboðsvaldsins. Þessvegna hefur ráðgjafinn allraþegnsamlegast lagt það til við hans hátign konunginn, að áminnst lagafrumvarp verði eigi staðfest af honum, en að ákvörðun sú, sem það inniheldur, verði sett með konungsúrskurði, og hefur hans hátign konungurinn þarnæst 28. f. m. allramildilegast fallizt á, að land það, er reisa má á verzlunarhús á Seyðisfjarðaröldu, skuli aukið um ströndina frá Fjarðará að innan í næstu vík út frá Búðareyri, sem liggur inni við botn Seyðisfjarðar.

Þetta er eigi látið hjá líða að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um brennisteinsnáma landssjóðsins í Þingeyjarsýslu. — Einsog yður var skýrt frá, herra landshöfðingi, með brjefi 28. ágúst 1882, leyfði ráðgjafinn 15. s. m., að fjelagið «the Iceland Sulphur and Copper Company Limited» í Lundúnum kæmi í stað hins fyrrverandi leiguliða brennisteinsnáma þeirra í Þingeyjarsýslu, er landssjóður á, og tæki við af honum öllum rjettindum þeim og skyldum er áskildar voru í samningi þeim, um leigu nefndra náma, er gjörður var 13. apríl 1872 milli dómsmálastjórnarinnar og Alfreds G. Locks, og sem hjermeð fylgir, og hafði nefnt fjelag áður látið til geymzlu í privatbankann hjer á staðnum 10000 kr. veðfje til tryggingar því, að samningurinn yrði haldinn frá þess hálfu. **121** 23. okt.

En nú hafði fjelag þetta, sem er undir skiptameðferð, í lok mánaðarins er leið ekki greitt leigugjald það af námunum, er fjell til borgunar 1. s. m., þrátt fyrir það þó þess væri krafizt hjá umboðsmanni fjelagsins hjer á staðnum, F. Holme stórkaupmanni, og lýsti ráðgjafinn því þessvegna yfir í brjefi til nefnds umboðsmanns, að fjelagið hefði fyrirgjört öllum rjetti eptir samningnum samkvæmt 7. grein hans, og ljet jafnframt taka úr privatbankanum og greiða í reikning jarðabókasjóðs við aðalfjehirzluna veðfje það, 10000 kr., er fjelagið hafði látið í bankann til geymslu, en sem samkvæmt nefndri grein samningsins er fallið til landssjóðs.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, skal þjónustusamlega skorað á yður að gjöra ráðstafanir til þess, að nefndir námar verði teknir undir umráð landssjóðs, og jafnframt er skorað á yður að láta í tje þóknanlegt álit yðar um það, hvernig farið skuli að, til að gjöra námana eptirleiðis arðberandi fyrir landssjóð.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um ályktun efri deildar viðvíkjandi láni til að fullkomna ullarvinnuvjelar. — Með þóknanlegu brjefi 23. sept. þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað ályktun, sem samþykkt var í efri deild á alþingi í ár, og þar sem skorað er á stjórnina að veita Magnúsi Þórarinssyni á Hall- **122** 7. nóv.

16. dag desemberm. 1885.

Reykjavík 1885. Einar Þórðarson.